

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

*Vatnsendahvarf. Staðsetning dreifistöðva. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 23. apríl 2024 breytingu á deiliskipulagi Vatnsendahvarfs. Í breytingunni felst tilfærsla og breyting á staðsetningu og fjölda dreifistöðva rafmagns á skipulagssvæðinu. Auk breyttrar staðsetningar er stöðvum fækkað úr sex í fjórar.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 24. apríl 2024.*

**Auður Dagný Kristinsdóttir** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 26. apríl 2024